

Hraunblóm

Lavaens blá blomst

Æviágrip listamannanna

Else Alfelt fæddist í Kaupmannahöfn 1910. Hún stundaði nám við Tækniskólann þar í borg en komst ekki inn á Listaakademíð þótt hún hafi sótt um inngöngu. Hún kynntist Carl-Henning Pedersen í *Den Internationale Høj-skole* á Helsingjaeyri þar sem þau stunduðu bæði nám 1933 og giftu þau sig ári síðar. Hún sýndi tvær andlitsmyndir á hinni árlegu *Haustsýningu listamanna* í Kaupmannahöfn 1936 og fyrstu afstrakt verkin sín ári síðar. Árið eftir Íslandsdvölin sýndi Else á fyrstu sýningu Cobra hópsins sem haldin var í Amsterdam 1949. Hún ferðaðist oft til framandi landa og málaði þá mikið. Else Alfelt var kölluð tungl- og fjallamálarinn þar sem hún heillaðist mjög af náttúrunni og fyrirbærum heimingeimsins og túlkaði hvort tveggja í sínum ljóðrænu vatnslitamyndum. Else Alfelt hlaut Thorvald-sen verðlaunin 1973 og lést ári síðar, 1974.

Svavar Guðnason fæddist 1909 og ólst upp á Höfn í Hornafirði. Árið 1935 fékk hann inngöngu á Konunglega Listaakademíð í Kaupmannahöfn og sýndi sama ár á opinberri listsýningu í Kaupmannahöfn. Árið 1938 dvaldi hann hálf ár í París, með ferðastyrk frá íslenska ríkinu, og stundaði nám við málarskóla Fernand Legérs. Þar blandaði hann geði við danska listamenn og kynntist Þorvaldi Skúlasyni. Að lokinni Parísardvöl tók hann virkan þátt í starfsemi framúrstefnulistamanna í Kaupmannahöfn, meðal annars við útgáfu *Helhesten*. Hann varð innlyksa í Danmörku á stríðsárunum en kom heim til Íslands sumarið 1945 og setti upp stóra sýningu með verkum sínum í Listamannaskálanum í Reykjavík sem talin er hafa valdið straumhvörfum í íslenskri myndlist. Hann var í nánum tengslum við félagi sína í Kaupmannahöfn næsta áratug og var til dæmis félagi í Cobra hópnun meðan hans naut við. Svavar lést árið 1987. Hann var mjög virtur bæði hér heima og einnig í alþjóðlegu samhengi, meðal annars vegna þátttöku í Cobra hópnun.

Carl-Henning Pedersen fæddist árið 1913 og ólst upp í Kaupmannahöfn. Hann ætlaði sér að verða tónskáld, en hafði ekki efni á að eignast hljóðfæri. Tvitugur kynntist hann Else Alfelt og smitaðist af því hversu heilluð hún var af málalartistinni og hóf sjálfur að mála. Hann sýndi fyrst opinberlega á *Haustsýningu listamanna* í Kaupmannahöfn 1936. Carl-Henning sýndi með Cobra hópnun frá upphafi og var fulltrúi Dana á Feneyjatvíæringnum árin 1948 og 1962. Hann vann fjölda mósaíkmynda fyrir opinbert rými og honum hafa verið veittar margar alþjóðlegar viðurkenningar. Árið 2003 var haldin yfirlitssýning á verkum hans á danska Ríkislistasafninu í tilefni af 90 ára afmæli hans. Þar voru meðal annars sýndar Íslandsmyndir hans frá 1948.

Árið 1976 var opnað listasafn í Herning á Jótlandi sem tileinkað var þeim hjónum Else Alfelt og Carl-Henning Pedersen.

Sigurjón Ólafsson fæddist árið 1908 á Eyrarbakka og ólst þar upp. Han nam við Konunglega Listaakademíð í Kaupmannahöfn frá 1928 til 1935, en dvaldi þar af einn vetur í Róm. Hann hlaut gullverðlaun dönsku Listaakademísins árið 1930 og Eckersbergverðlaunin 1939 fyrir framúrskarandi portrettmynd af móður sinni. Hann var talinn meðal helstu framúrstefnulistamanna í Danmörku og þótt hann gerðist ekki félagi í Cobra hópnun aðhylltist hann hugmyndirnar um hið frumstæða og upprunalega í listinni. Hann varð innlyksa í Danmörku á stríðsárunum, eins og Svavar Guðnason, en flutti heim árið 1945 og settist að á Laugarnesi í Reykjavík og hóf að meitla höggmyndir úr íslensku bergi. Sigurjóni voru falin mörg stór opinber verkefni á Íslandi, meðal þeirra eru lágmyndir á 90 metra langan vegg stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar. Í Reykjavík eru 18 verk eftir Sigurjón á opinberum vettvangi, meðal þeirra eru *Íslandsmerki* á Hagatorgi, *Séra Friðrik Friðriksson* við Lækjargötu og *Öndvegissúlur* við Höfða.